



Starfspróunaráætlun

2022-2023



Efnisyfirlit

	1
Starfsþróun og símenntun kennara	1
Ferli við gerð starfsþróunaráætlunar	3
Umbóta- og þróunarstarf í Giljaskóla 2022-2023	3
Sýn og stefna	3
Móttaka nema og nýliða í starfi	3
Markviss notkun upplýsingatækni í námi og mati	4
Skólabragur, líðan og samskipti	4
Réttindaskóli UNICEF	4
Nám og kennsla	4
Teymiskennsla	4
Byrjendalæsi	5
Stærðfræði á yngsta stigi	5
Þematengt nám á mið- og unglingastigi	5
Fagleg forysta	6
Þróunarstarf á vettvangi - Forysta um menntun fyrir alla í lærdómssamfélagi	6
Markþjálfun	6
Innra mat	6
Áhersluþættir í fræðslu til almenns starfsfólks	6
Yfirlit yfir skipulögð námskeið og fyrirlestra skólaárið 2022-2023	7

Starfsþróun og símenntun kennara

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunar- / starfsþróunaráætlun sem er lögð fram á hverju ári.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150 / 126 / 102 klukkustundum á ári til símenntunar og undirbúnings kennara og fer fjöldi tíma eftir aldri kennara. Starfsþróun, sem hluti af þessum tíma er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins, en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

- þætti sem eru hluti af stefnu skólans og allir þurfa að tileinka sér
- þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.


Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu.

Starfsþróunaráætlun skal kynnt kennurum. Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra (úr handbók með kjarasamningi bls. 34)

Leiðir til starfsþróunar:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila
- Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (*telst ekki hluti af 150/126/102 tímum sem skráist sem símenntun*)
- Umbóta- og/eða þróunarverkefni
- Starfendarannsóknir
- Teymisvinna
- Rýnihópar
- Sjálfsnám (lestur, myndbönd, netið o.fl.)

Ferli við gerð starfsþróunaráætlunar



Umbóta- og þróunarstarf í Giljaskóla 2022-2023

Þróunarstarf í Giljaskóla tekur mið af áherslum nýrrar menntastefnu og stefnu skólans. Í Giljaskóla er starfað í anda lærdómssamfélags með áherslu m.a. á dreifða forystu og að skapa tækifæri til að læra hvert af öðru. Ýmsar leiðir eru til starfsþróunar og má þar nefna:

- Teymi læra saman, þróa starfshætti sína með sameiginlegri vinnu.
- Lærdómshópar myndaðir um ákveðna þætti.
- Fræðsla og faglegar umræður á kennarafundum, skipulagt og undirbúið af stjórnendum eða öðrum sem er fengið það hlutverk.
- Námskeið, ýmist sameiginleg eða námskeið sem kennarar/starfsmenn sækja sjálfir.
- Lestur og kynningar fyrir aðra kennara

Hér á eftir er gerð grein fyrir þróunarstarfi undir köflunum sýn og stefna, nám og kennsla, fagleg forysta og innra mat.

Sýn og stefna

Í skólanum eru starfandi nefndir sem hafa það hlutverk að fylgja eftir stefnum og áherslum skólans og veita fræðslu til starfsfólks. Starfsdagar, kennarafundir og vinnutími utan kennslu er nýttur fyrir þá fræðslu. Hér á eftir er nánar gerð grein fyrir nefndarstörfum og starfsþróun sem þeim fylgir.

Móttaka nema og nýliða í starfi

Akureyrarbær og HA hafa sett sér það markmið að mennta kennara úr hverjum skóla í starfstengdri leiðsögn, en ætlunin að innan hvers skóla sé a.m.k. einn aðili með þá sérhæfingu og ber viðkomandi ábyrgð á faglegri leiðsögn með kennaranemum og nýjum kennurum sem eru ráðnir til skólans.

Innan skólans verður starfandi leiðsagnarteymi sem mun þróa leiðir til að annast leiðsögn nema og nýliða í kennslu á sem farsælastan hátt. Fyrir nefndinni liggur að þróa móttökuáætlun nema og nýliða í Giljaskóla og halda utan um að nýir starfsmenn fái stuðning.

Markviss notkun upplýsingatækni í námi og mati

Mikil tækifæri liggja í því að nýta tæknina til að efla og auðga nám og kennslu. Við skólann starfar UT teymi sem hefur það hlutverk að styðja við starfsþróun kennara á sviði upplýsingatækni í námi og kennslu. Teymið mun kynna sér nýjungar í upplýsingatækni sem geta nýst í skólastarfi, halda utan um stutta fræðslufundi, aðstoða kennara á vettvangi og meta þörf fyrir utanaðkomandi fræðslu. Fræðslufundir UT teymis eru í boði allt skólaárið og eru fyrir kennara skólans. Fundirnir miða að því að kenna kennurum að nýta sér ákveðin öpp í kennslunni. UT teymið hefur einnig verið að bjóða upp á fræðslu til almenns starfsfólks.

Skólabragur, líðan og samskipti

Giljaskóli er heilsueflandi grunnskóli og lögð er áhersla á að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Við skólann er starfandi heilsueflandi nefnd sem hefur umsjón með verkefnum sem tengjast heilsueflandi skóla og veita fræðslu til starfsfólks. Á síðasta skólaári var lögð áhersla á geðrækt og verður áfram lögð áhersla á þann þátt

Uppbyggingarstefna (Restitution) í skólastarfi er hugmyndakerfi þar sem lögð er áhersla á sjálfsskoðun, uppbyggileg samskipti, kennslu sjálfsaga og sjálfstjórn í samskiptum. Grunnþarfirnar fimm eru undirstöðupáttur í uppbyggingu. Það að þekkja þarfir sínar er grundvöllur þess að maður skilji hegðun sína og geti breytt henni til betri vegar. Við skólann starfar nefnd sem hefur umsjón með vinnu við að miðla upplýsingum og aðferðum til nýrra og gamalla starfsmanna og meta þörf á endurmenntun. Kennarafundir hafa verið nýttir fyrir fræðslufundi með kennurum. Á starfsdegi í haust er einnig gert ráð fyrir fræðslu til allra starfsmanna og gert er ráð fyrir að nýir kennarar sækji grunnnámskeið um stefnuna í ágúst.

Réttindaskóli UNICEF

Giljaskóli var einn af tveimur skólum sem valinn var sem Réttindaskóli UNICEF vorið 2019. Með því skuldbinda starfsmenn skólans sig til að leggja áherslu á að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Grunnforsendur Barnasáttmálans verða útgangspunktur í allri ákvarðanatöku í skóla- og frístundastarfi Réttindaskólanna. Réttindaskólanefnd nýtur handleiðslu Unicef við innleiðinguna og í september munu fulltrúar nefndarinnar sækja ráðstefnu UNICEF, vinnustofur og fara í skólaheimsóknir.

Nám og kennsla

Teymiskennsla

Teymiskennsla er einn af lykilþáttum í lærdómssamfélagi. Teymiskennsla er þegar kennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendahópi árgangs og vinna saman að undirbúningi náms, kennslu og námsmats. Litið er á kennara eins árgangs sem kennarateymi.

Þróun teymiskennslu mun halda áfram á næsta skólaári og er markmið Giljaskóla er að öll teymi komist á þriðja og fjórða stig skv. [skilgreiningu Giljaskóla á teymiskennslu](#). Öll teymi í skólanum njóta handleiðslu MSHA. Leitast verður við að styðja við teymisstarfið með fræðslu og samræðu. Í hverju

teymi eru leiðtogar sem funda með ráðgjafa frá MSHA á þriðjudögum. Þá eru lagðar línur fyrir vinnu hvers teymis sem leiðtogar stýra.

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er sú hugmyndafræði sem lögð hefur verið til grundvallar í lestrarkennslu í Giljaskóla. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi sem hefur verið mótuð og þróuð við MSHA í samvinnu við skóla á Norðurlandi undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Hugmyndafræðin er í anda hugsmíðahyggju sem gengur út á það að nemendur læri með því að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna.



Grunnstoðir byrjendalæsis:

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir
- Merkingarbær viðfangsefni
- Samvinna, nám er félagslegt ferli
- Unnið út frá gæðatexta
- Einstaklingsmiðun
- Nám án aðgreiningar

Allir kennarar sem kenna í 1. – 3. bekk í Giljaskóla þurfa að sækja tveggja ára nám í Byrjendalæsi. Námið byggir á grunnnámskeiði og smiðjum þar sem kennarar hittast og ræða ákveðna þætti í Byrjendalæsi, miðla af reynslu sinni og læra af öðrum.

Stærðfræði á yngsta stigi

Innleiðing aðferðarinnar Neisti heldur áfram og er nú að vaxa upp í 3. bekk. Með aðferðinni er lögð megináhersla á að efla hæfni nemenda í:

- að geta spurt og svarað með stærðfræði,
- að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar,
- vinnubrögðum og beitingu stærðfræðinnar.

Kennarar í 1. - 3. bekk njóta handleiðslu Miðstöðvar skólaþróunar í sinni starfsþróun.

Þematengt nám á mið- og unglingastigi

Kennarar á miðstigi verða í samstarfi við Ásgarð um þróun þematengds náms með áherslu á leiðsagnarnám. Kennarar nýta sér kennslulotur frá Ásgarði í þeirri þróun og aðlaga þær að sínum nemendahópi. Gert er ráð fyrir fræðslufundi 1x í mánuði með ráðgjafa frá Ásgarði.

Breytingar voru gerðar á stundaskrá unglingastigs á þessu skólaári. Breytingarnar fólust í að skilgreina ákveðið marga tíma sem ekki voru merktir ákveðnu fagi. Þessir tímar fengu nafnið iðutímar. Markmið með iðutímum voru að:

- auka svigrúm í stundatöflu til samstarfs þvert á árganga,
- skapa tíma og stuðla að aukinni þverfaglegri vinnu,
- gefa nemendum tækifæri á að velja hvað þeir vilja leggja áherslu á í námi sínu,
- auka ábyrgð nemenda á eigin námi.

Breytingarnar fela í sér að kennarar þurfa að endurhugsa kennsluskipulag sitt og þróa starfshætti sína í átt að aukinni teymiskennslu og þematengdu námi. Kennarar eiga vikulega fundi þar sem staðan er tekin, greindir veikleikar og styrkleikar og ákveðið hvernig skuli haldið áfram.

Fagleg forysta

Þróunarstarf á vettvangi - Forysta um menntun fyrir alla í lærdómssamfélagi

Einn af lykilþáttum í nýrri menntastefnu er fagleg forysta. Stjórnendateymi skólans mun áfram sækja námskeiðið Þróunarstarf á vettvangi - Forysta um menntun fyrir alla á vegum Háskólans á Akureyri. Gunnar Gíslason og Rúnar Sigþórsson halda utan um námskeiðið sem byggist upp á mánaðarlegum fræðslufundum og vinnu teymis milli funda. Markmiðið er að rýna í eigin starfshætti með hliðsjón af áhersluþáttum menntunar fyrir alla og efla faglega forystu stjórnenda.

Markþjálfun

Undanfarin tvö ár hefur stjórnendateymið verið í markþjálfun undir handleiðslu Ingunnar hjá SÍMEY. Áframhald verður á þeirri vinnu og er markmiðið að stuðla að því að stjórnendateymið vinna á markvissan hátt í átt að fyrirfram skilgreindum markmiðum fyrir skólaárið.

Innra mat

Gæðaráð skólans vinnur að þróun innra mats og nýtur handleiðslu Krístrúnar Birgisdóttur. Reglulegir vinnufundir eiga sér stað þar sem fókusinn hefur verið á að meta starfshætti skólans með tilliti til gæðaviðmiða í menntastefnu Akureyrar. Áhersla er á að þróa kerfisbundið og markvisst verklag við innra mat skólans.

Áhersluþættir í fræðslu til almenns starfsfólks

Grunnskólar á Akureyri sameinast um fræðslu til almenns starfsfólks á hverju skólaári. Að þessu sinni snýr fræðslan að áhersluþáttum Barnvæns sveitarfélags, jákvæðum samskiptum og fjölmenningu. Fræðslan er á vegum SÍMEY og fer fram 18. ágúst.

Í Giljaskóla er lögð áhersla á að styrkja almennt starfsfólk í að vinna með nemendum og mæta ólíkum þörfum. Starfsdagar verða nýttir fyrir fræðslu um ólíkar þarfir og leiðir til að mæta þörfum nemenda og nýtingu upplýsingatækni.

Yfirlit yfir skipulögð námskeið og fyrirlestra skólaárið 2022-2023

Heiti og viðfangsefni	Tími	Fyrir hverja	Umsjón
Endurmenntunarnámskeið í HA	12. ágúst	Allir kennarar og stuðningsfulltrúar sem áhuga hafa.	Undirbúningshópur endurmenntunardags
Uppbygging sjálfsga - upprifjun og áherslupættir	16. ágúst	Allt starfsfólk	Guðbjörg M. Sveinsdóttir
Að mæta þörfum nemenda	17. ágúst	Almennt starfsfólk	Rannveig Sigurðardóttir og Helga Rún Traustadóttir
SÍMEY - Barnvænt sveitarfélag, jákvæð samskipti og fjölmennning	18. ágúst	Almennt starfsfólk	SÍMEY
Ráðstefna UNICEF, vinnustofur og skólaheimsóknir	13. - 15. september	Réttindaskólanefnd	UNICEF - Réttindaskóli
Starfsþróun stjórnenda: Námsstefna Skólastjórafélags Íslands	7. og 8. október	Stjórnendur	SÍ
LEAN - Að skipuleggja vinnusvæði með aðferðum LEAN	3. janúar og 22. febrúar	Almennt starfsfólk	Símei / Sigurbjörg Rún Jónsdóttir
Að mæta nemendum með erfiða hegðun - viðbrögð og viðhorf	3. janúar	Allt starfsfólk	Valdimar Heiðar Valsson
Námskeið í upplýsingatækni	22. febrúar	Almennt starfsfólk	Bergmann Guðmundsson
Menntabúðir Eymenntar	2 skipti á skólaárinu	Allir kennarar og stjórnendur	Stýrihópur
Byrjendalæsi	Smiðjur yfir skólaárið	Kennara á yngsta stigi	MSHA
Neisti - stærðfræði á yngsta stigi	Smiðjur yfir skólaárið	Kennara á yngsta stigi	MSHA
Þematengt nám á miðstigi	mánaðarlegir fundir yfir skólaárið	Kennara á miðstigi	Ásgarður
Námsferð - núvitund, sjálfstyrking, hópefli.	7. - 14. júní	Allt starfsfólk	Stjórnendur í samvinnu við utanaðkomandi aðila
Þróunarstarf á vettvangi - Forysta um menntun fyrir alla í lærdómssamfélagi	Allt skólaárið - Mánaðarlega	Stjórnendur	Gunnar Gíslason og Rúnar Sigþórsson frá HA
Markþjálfun	Allt skólaárið - mánaðarlega	Stjórnendur	Ingunn Helga Bjarnadóttir SÍMEY

